

Jafnframt eru úr gildi felldar breytingar á áðurnefndri reglugerð, samkvæmt 127
auglýsingum nr. 115 30. júní 1947, nr. 148 27. ágúst 1945 og nr. 188 25. sept. 1945. 22. júní

Félagsmálaráðuneytið, 22. júní 1950.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

128

27. júní

um breyting á símskeytagjöldum til landa utan Evrópu.

Samkvæmt ákvæðum alþjóða-ritsímareglugerðarinnar, sem gerð var í París 1949, og gengur í gildi 1. júlí 1950, lækka símskeytagjöld milli Íslands og landa utan Evrópu frá 1. júlí 1950 um 25% og verða sem hér segir fyrir almenn skeyti:

Norður-Ameríka:

B a n d a r í k i n :	Gjald fyrir orðið:
New York City, Lake Success (N. Y.)	kr. 6.15
Allar aðrar stöðvar	— 7.40
C a n a d a	— 6.60

Suður-Ameríka:

Argentína	— 12.55
Brazilía	— 11.80

Gjöld fyrir símskeyti til annarra landa utan Evrópu breytast í sama hlutfalli.

Samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar falla niður frá sama tíma LC, NLT og CDE skeyti og verða því öll skeyti frá Íslandi til landa utan Evrópu frá og með 1. júlí 1950 að telja reiknuð með hinu nýja gjaldi.

Póst- og símamálastjórnin, 27. júní 1950.

Guðmundur Hlíðdal.

Einar Pálsson.

SAMÞYKKT

129

27. júní

um lokunartíma sölubúða í Blönduóskaupþúni.

1. gr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 6 síðdegis, og ekki opnaðar aftur fyrr en kl. 9 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu frá þessu vera þær undantekningar, er hér greinir: Aðfangadag jóla og gamlársgangur skal loka sölubúðum eigi síðar en kl. 4 síðdegis.

Á tímabilinu 15. maí til 15. september skal lokunartími á laugardögum vera kl. 12 á hádegis. Annan tíma árs skal lokunartími á laugardögum vera kl. 4 síðd. Næsta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að hafa sölubúðir opnar til miðnættis.

129

27. júní

Allar sölubúðir nema brauðsölubúðir skulu lokaðar vera alla helgidaga þjóðkirkjunnar, svo og sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst-mánuði og 1. desember.

2. gr.

3. gr.

Brauðsölubúðir mega vera opnar alla þá daga, er um getur í 2. gr., nema jóla-dag og páskadag, frá kl. 9 árdegis til kl. 1 eftir hádegi (kl. 13), eingöngu til sölu á brauðum, kökum, mjólk, rjóma og skyri.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða. Þó er þeim óheimilt að selja eftir lokunartíma sölubúða annað en lyf og aðrar sjúkravörur.

4. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á götum, torgum eða annars staðar í kaптúninu utan verzlunarhúsa nokkurn þann varning, sem ekki má selja án verzlunarleyfis, nema salt, kol, olíu, veiðarfæri og matvæli til báta og skipa, svo og bifreiðum benzín og olíu.

5. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, eftir tillögum hreppsnefndar, að veita undanþágu frá samþykkt þessari, og leyfa sölu vissa daga vegna góðgerðarstarfsemi eða annarra almennings heilla.

6. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum 100—1000 krónum, er renna í sveitar-sjóð Blönduóshrepps.

Mál út af brotum samþykktarinnar skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Blönduóshrepps samkvæmt lög-um nr. 17 1. febr. 1936, staðfestist hér með, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 27. júní 1950.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Gísli Jónasson.

130

28. júní

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð nr. 72 4. apríl 1940 um breyting á reglugerð nr. 61 14. júní 1933, um raforkuvirki.

2. málsg. c-liðs 7. gr. orðist svo:

Nú notar eigandi raforkuvers sjálfur alla þá orku, sem þar er unnin, eða veru-legan hluta hennar, eða hún er ekki mæld eða verðlögð, eða ekki er vitað um tekjur af raforkusölu, og má þá miða gjald við stærð rafals í orkuveri, eða þá orku, sem aflvél rafalsins skilar, og skal vera 5 krónur á hvert kílóvatt.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946. Reglu-gerðin öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 28. júní 1950.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.